

## Kennsluáætlun í salerni - Ábyrgð

Viðfangsefnið/reglan: Þvo hendur.

Til hvers ætlumst við af nemandanum? Að barnið gleymi ekki að þvo sér um hendur eftir notkun salernis.

Útskýrum af hverju reglan er mikilvæg: Til þess að gæta hreinlætis og forðast að bera með okkur bakteríur.

Hvernig kennum við þessa hegðun?

Sýnikennslu og myndum og minna á regluna.

Listi yfir dæmi um rétta og ranga hegðun:

**Rétt hegðun (+).**

- 1.) Sæja var að þvo sér hendurnar og var tilbúin að fá sér að borða.
- 2.) Ágústa var að pissa og fór svo beint að vaskinum og þvoði sér vel um hendurnar.
- 3.) Gunnar fékk hrós frá Vilmu því að hann þvoði sér svo vel um hendurnar.

**Röng hegðun (-).**

- 1.) Helga var ekki búin að þvo sér hendurnar og fékk ekki að sitjast við matarborðið.
- 2.) Lisa gleymdi að þvo sér hendurnar og var mjög skítug.
- 3.) Röbert fékk frunsu í munninn að því að þvo sér ekki um hendurnar eftir að hafa pissað og setti puttana í munninn.

Gefum nemendunum færi á að æfa sig og fullkomna færni: Með sýnikennslu, þolinmæði og hrósi.